

Fundur í landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar þann 2. maí 2013 og hófst kl 16:30

Mættir: Ævar Rafn Marinósson formaður, Sigríður Gamalíelsdóttir, Indriði Þóroddson, Hafliði Jónsson, Gunnlaugur Ólafsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Refa- og minkaveiði

Refaveiðin rædd og farið yfir svæðin og hvernig þau hafa verið mönnuð. Ákveðið að heyra í þeim sem hafa verið á grenjum fram til þessa og sjá hvort þeir ætli að halda áfram og taka stöðuna út frá því.

Minkaveiðifyrirkomulagið rætt. Minkaveiði í gamla Skeggjastaðahrepp hefur verið í nokkuð góðu lagi undanfarin ár. Það hefur hins vegar vantað upp á að öllu svæðinu í gamla Sauðaneshrepp hafi verið almennilega sinnt. Þessu þarf að koma þessu í betri farveg.

2. Álagning fjallskila 2013

Ævar kom með fjártölur fyrir Langanesbyggð. Endanlegar tölur liggja ekki fyrir og því ekki hægt að leggja á vegna þessa. Rætt um það hvort eigi að setja niður tímasetningar á fjallskilum og dagsetning á fjallskilum rædd.

Tillaga um að byrja að smala á Langanesi 6. september 2013, hún borin undir fundinn. Fjórir samþykku tillöguna og einn sat hjá.

Erindi frá Héraðsdýralækni á Norðurlandi eystra vegna óska um flutning á fé úr Öxafirði í Langanesbyggð. Héraðsdýralæknir gerir ekki athugasemdir við flutning á fé Maríusar og Láru úr Öxafirði yfir í Langanesbyggð. Héraðsdýralæknir sendi erindið til landbúnaðarnefndar og kallar eftir því hvort hún setji sig upp á móti því. Borið undir fundin. Samþykkt samhljóða að heimila þennan flutning.

3. Önnur mál

Kofamál rædd. Landbúnaðarnefnd leggur til að kofahaldarar verði kallaðir saman og farið yfir kofamál.

Girðingarmál rædd. Landbúnaðarnefnd skorar á sveitarfélagið að skoða allar leiðir til þess að veggirðing frá ristarhliði að Miðfjarðará geti orðið að veruleika. Að girðingin verði ofan vegar með nauðsynlegum hliðum. Ristarhlið verði við Miðfjarðará. Landbúnaðarnefnd telur þessa framkvæmd nauðsynleg vegna fjallskila.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:24